

Fasteignafélagið Þórkatla ehf.

Fundargerð 54. stjórnarfundar 9. janúar, 2024 kl. 13:00 – 14:30.

Mætt voru: Örn Viðar Skúlason, Óskar Józefsson, Hermann Hermannsson og Guðrún Þorleifsdóttir sem ritaði fundargerð.

Dagný Lína Davíðsdóttir sat fundinn og Eyþór Gíslason sat fundinn undir lið 5.

Dagskrá fundar:

1. Fundargerðir

Fundargerðir 52. og 53. fundar samþykktar.

2. Tillaga framkvæmdastjóra um afgreiðslu umsókna

Framkvæmdastjóri lagði fyrir fundinn að taka afstöðu til tveggja umsókna sem voru án frávika. Eftir skoðun á þeim var ákveðið að samþykkja báðar umsóknir.

Framkvæmdastjóri lagði fyrir fundinn að taka afstöðu til þriggja umsókna sem höfðu kallað á sérstaka skoðun.

Í einu tilviki var um að ræða umsókn um kaup á húsi sem var í eigu lögaðila. Í því tilviki var ákveðið að vísa umsókn frá.

Í öðru tilviki var um að ræða hús í slæmu ástandi þar sem lagt hafði verið sérstakt mat á virði. Eftir skoðun á gögnum málsins voru taldar forsendur til að samþykkja umsókn.

Í þriðja tilvikinu var niðurstaðan sú að tilefni væri til að umsóknin fengi nánari skoðun.

Afgreiðsla stjórnar var skráð í vinnuskjal stjórnar.

3. Skýrsla framkvæmdarstjóra

Alls hafa 993 umsóknir borist til félagsins og eru umsóknir frá búseturéttarhöfum þá meðtaldar.

Búið að þinglýsa 925 kaupsamningum og taka við 849 eignum.

11 umsóknum hefur verið vísað frá og 29 búseturéttarhafa hafa fengið greiðslur.

Kaupverð þinglýstra samninga er orðið 70,5 ma. kr. og þar af eru yfirteknar skuldir um 21,3 ma. kr.

Alls hafa borist 49 umsóknir um gerð hollvinsamninga. Búið að ganga frá 26 samningum.

4. Öryggismál og ársreikningur

Fyrir fundinum lágu tilboð frá nokkrum aðilum í annars vegar gerð áhættumats og nauðsynlegra viðbragðsáætlana vegna starfsemi félagsins í Grindavík og hins vegar uppstillingu á ársreikningi og virðismati á eignasafni.

Ákveðið að ganga til samninga við Eflu um öryggismálin og Deloitte um uppstillingu á ársreikningi og virðismati á eignasafni.

5. Önnur mál

Undir þessum lið fór fram umræða um fjármögnun félagsins, væntanlega erlenda gesti og tvo nýráðna starfsmenn til félagsins. Einnig rætt sérstaklega um ástand húsa í bænum og nauðsynlegar ráðstafanir t.d. í kuldakaflanum sem stendur yfir og aðra vinnu starfsmanna á staðnum.

Fleira ekki rætt og fundi slitið um kl. 14:30.

Óskar Józefsson
Guðrún Þorleifsdóttir
Dagný Lína Davíðsdóttir